

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 158/1998 um varnir
gegn útbreiðslu á smitandi hitasótt í hrossum.

1. gr.

Staflíðir a-g í 1. gr. reglugerðarinnar, sbr. breytingu með reglugerð nr. 168/1998, orðast svo:

- a. Svæði 1. Reykjavík, Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær, Bessastaðahreppur, Mosfellsbær, Árnessýsla og Rangárvallasýsla vestan Markarfljóts.
- b. Svæði 2. Akranes.
- c. Svæði 3. Reykjanes, sunnan Hafnarfjarðar.
- d. Svæði 4. Kjalarnes- og Kjósarhreppar.
- e. Svæði 5. Borgarfjarðarsýsla, sunnan Skarðsheiðar.
- f. Svæði 6. Rangárvallasýsla, austan Markarfljóts og Mýrdalshreppur.
- g. Svæði 7. Aðrir kaupstaðir og landshlutar.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 7. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 168/1998.

Landbúnaðarráðuneytinu, 26. mars 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

AUGLÝSING

um umferð í Neskaupstað.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Neskaupstaðar eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Neskaupstað:

Biðskylda verði af:

Hafnarnausti inn á Leiruveg um tvær tengingar að norðan og sunnan.

Naustavegi inn á Vindheimanaust.

Borgarnausti inn á Hafnarnaust og Naustaveg.

Naustahvammi inn á Hafnarnaust.

Vindheimanausti inn á Naustahvamm.

Bíðstæði við fiskverksmiðju Síldarvinnslunnar hf., Hafnarnausti 6, inn á Hafnarnaust.

Viðlegukanti vestan við loðnuverksmiðju Síldarvinnslunnar hf. inn á Naustahvamm.

Reglur þessar taka gildi við birtingu þeirra.

Lögreglustjórinn í Neskaupstað, 24. mars 1998.

Bjarni Stefánsson.